

Nd.

138. Nefndarálit

[72. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna landbúnaðarins í sambandi við breyting á gengi íslenzkrar krónu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd Nd. er sammála um meginatriði frv., þ. e. að verðhækkanir á rekstrarvörum landbúnaðarins vegna gengislækkunarinnar skuli koma inn í verðlag landbúnaðarvara 1. janúar og að gengishagnað af framleiðslu landbúnaðarins á þessu ári skuli nota til þarfa landbúnaðarins.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. telur nauðsynlegt að umorða báðar málsgreinar þess.

Í úrskurði meiri hl. yfirnefndar um verðlagningu landbúnaðarvara, sem féll 1. þ. m., er gert ráð fyrir nálega óbreyttu verðlagi frá því, sem var síðastliðið verðlagsár. Nálega öll þau gögn, sem að venju voru lögð fyrir sexmannanefnd og síðar yfirnefndina varðandi rekstrarkostnað grundvallarþúsins, sýndu miklu hærri tilkostnað en viðurkenndur var í verðgrundvelli síðasta árs. Athuganir á vinnumagni bentu til þess, að kaupgjaldsliður verðgrundvallarins þyrfti að stórhækka. Upplýsingar þær, er afla skal skv. 8. gr. framleiðsluráðslaganna „um tekjur vinnandi stétta á undangengnu ári“, sýndu, að liðurinn „laun bónda“ í verðlagsgrundvellingnum þurfti að hækka um liðlega 20% til þess að ná því samræmi í tekjum stéttanna, sem áskilið er í 4. gr. laganna. Þrátt fyrir þetta úrskurðar meiri hluti yfirnefndar svo til óbreytt verðlag. Og í greinargerð meiri hluta yfirnefndar er beinlínis tekið fram, að eigi sé farið eftir ákvæðum 2. málsgreinar 4. greinar framleiðsluráðslaganna um að tilfæra ársvinnutíma bónda, og þess einnig getið sérstaklega, að allar upplýsingar um aðra kostnaðarliði grundvallarins — að einum undanskildum — hafi verið lagðar til hliðar.

Þessi vinnubrögð telja undirritaðir með öllu óhæfileg. Og með tilliti til þeirra og svo hinna gifurlegu tafa, er orðið hafa á verðlagningu búvara á þessu hausti, þá leggjum við til, að Hagstofu Íslands verði falið að reikna út rekstrarvöruhækkarnar skv. 1. gr. frv. og að framleiðsluráð landbúnaðarins felli þær síðan inn í verðlagið. Með því móti ætti að vera tryggt, að þeirri endurskoðun, er um ræðir í 1. málslið 1. greinar, yrði lokið fyrir tilsettan tíma.

Þá þykir minni hlutanum rétt að kveða nánar á um það, hversu verja skuli gengishagnaði á útfluttum landbúnaðarvörum skv. 2. gr., enda er það í fullu samræmi við ákvæði gengislaganna. Áætlanir þær, sem gerðar hafa verið um útflutning landbúnaðarvara á yfirstandandi verðlagsári, benda til þess, að lögákveðnar útflutningsuppbætur hrökkvi ekki til þess, að fullt grundvallarverð náist. Og þegar þess er enn fremur gætt, að í greinargerð yfirnefndar segir, að ríkisstjórnin hafi ákveðið, að gengishagnaður af landbúnaðarvörum renni fyrst og fremst til verðuppbóta á ull og gærur, og að nefndin hafi ákveðið verð á þeim vörum með tilliti til þess, þá virðist eðlilegt að taka fram í lögnum, að svo skuli gert.

Samkvæmt framansögðu leggjum við til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. orðist svo:

Endurskoða skal verð á kostnaðar- og tekjuhlið verðlagsgrundvallar landbúnaðarafurða fyrir framleiðsluárið 1967/68 með tilliti til þeirra verðbreytinga, sem breytt gengi íslenzku krónunnar frá 24. nóvember 1967 hefur í för með sér.

Hagstofa Íslands skal reikna út verðhækkarnir á innfluttum rekstrarvörum landbúnaðarins, þar á meðal kjarnfóðri, tilbúnum áburði, efnivörum til viðhalds húsa og girðinga, varahlutum, benzíni, olíum og öðru til véla. Einnig meti hún og hækkarnir á flutningum og öðrum kostnaði.

Framleiðsluráð landbúnaðarins verðskráir landbúnaðarvörurnar í einstökum atriðum á grundvelli útreikninga Hagstofu Íslands.

Hagstofa Íslands skal hafa lokið útreikningum samkv. 2. málsgr. fyrir 23. desember 1967. Þær breytingar á verði landbúnaðarafurða, sem af endurskoðuninni leiðir, skulu taka gildi 1. janúar 1968.

2. 2. gr. orðist svo:

Fé það, er kemur vegna útfluttra landbúnaðarafurða á reikning þann, sem um getur í 4. gr. laga nr. 69 1967, skal nota til verðuppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir, eftir tillögum framleiðsluráðs landbúnaðarins, til viðbótar því fé, sem greitt er skv. 12. gr. laga nr. 101 1966.

Alþingi, 11. des. 1967.

Vilhjálmur Hjálmarsson,
frsm.

Stefán Valgeirsson.

Hannibal Valdimarsson.